

Mál nr. 378/2022

Nafn málskotsaðila (M):

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Stórkostlegt gáleysi. Miskabætur skv. 26. gr. skaðabótalaga.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 11. nóvember 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 1. desember 2022.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 8. desember 2022, ásamt myndbandsupptöku.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi slasast þann 24. október 2018 er hann féll aftur fyrir sig niður brattan stiga á veitingarstað á Laugavegi, með þeim afleiðingum að hann skall harkalega með höfuðið í gólfið á jarðhæð og hlaut alvarlega áverka og mikið höfuðhögg. M býr við mikla þroskahömlun og þarfnast aðstoð við allar athafnir dagslegs lífs. Þegar slysið átti sér stað var M í umsjón stuðningsfulltrúa sambýlisins Y, þar sem M er íbúi. Fallist hefur verið á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins X vegna slyssins og hafa afleiðingar slyssins verið metnar til 25 stiga miska í matsgerð S læknis dags. 20. október 2022. Í uppgjöri gerði M kröfu um greiðslu miskabóta skv. 26. gr. skaðabótalaga að fjárhæð kr. 2.500.000 sem byggir á því að slysinu hafi verið valdið af stórkostlegu gáleysi. V hefur hafnað þeirri kröfu með tölvupósti dags. 28. október 2022. M telur að slysið megi rekja til stórkostlegs gáleysis sem hafi m.a. falist í hegðun og ákvarðanatöku stuðningsfulltrúans sem sá um M hinn örlagaríka dag auk þess sem skortur á verkferlum, áhættumati og ýmsir vankantar sem sneri að umönnun M voru samverkandi þættir í því að slysið varð.

V telur að skilyrði fyrir beitingu heimildarákvæðis a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga séu ekki til staðar. Byggir afstaða félagsins á því að ekki hafi verið sýnt fram á að tjóninu hafi verið valdið með háttsemi sem telst til stórkostlegs gáleysis. Sönnunarbyrði um það hvílir á M og hafi sú sönnun ekki tekist. Ekki hafi verið lögð fram fullnægjandi gögn um hver raunveruleg færni M hafi verið. Einstaklingsbundin áætlun hafi verið gerð fyrir M og að starfsmaður X hafi í umræddri ferð hagað henni í samræmi við þau skriflegu fyrirmæli sem þar koma fram. Ekki hafi verið til staðar fyrirmæli um að nota hjólastól eða annan öryggisbúnað í styttri ferðum eins og þeirri sem farið var í á slysdegi. Ósannað sé að koma hefði mátt í veg fyrir slysið með notkun á stuðningsbelti og þannig séu orsakatengsl milli atviksins og þess að stuðningsbelti var ekki notað ósönnuð.

Álit.

Ekki er um það deilt að slys M er bótaskyld úr ábyrgðartryggingu sem sveitarfélagið X hefur hjá V. Í málinu er ágreiningur um rétt M til greiðslu miskabóta skv. a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Í því ákvæði kemur fram að heimilt sé að láta þann sem af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi veldur líkamstjóni greiða slíkar bætur. Svo krafa M verði tekin til greina þarf háttsemi starfsmanna X því að fela í sér veruleg frávík frá því sem eðlilegt má telja. Ítarleg gögn liggja fyrir í málinu og þar á meðal er úttekt og tillögur að úrbótum sem unnar voru af hálfu óháðs ráðgjafa í janúar 2019. Í málinu er einnig að finna stjórnarsýslulega úttekt og niðurstöðu máls sveitarfélagsins X dags. 13. desember 2019. Með viðbótarathugasemdum frá M fylgdi einnig myndbandsupptaka sem sýnir færni M til gangs þó ekki sé að finna dagsetningu á myndbandsupptökunni þá má út frá öðrum gögnum málsins álykta að færni M hafi á slysdegi verið sambærileg og myndbandið sýnir, þ.e. hann hafi þurft aðstoð við gang, noti oft stuðningsbelti og eftir atvikum hjólastól. Í stjórnarsýslulegri úttekt dags. 13. desember 2019 er sérstaklega tekið fram að undirbúningur að opnun Y í júlí 2018 hafi ekki verið sem skyldi. Skort hafi á fræðslu og þjálfun nýrra starfsmanna og áhættumat ekki verið unnið. Eftir slysið hafi verið gerðar verulegar útbætur á skipulagi og rekstri Y sem eigi að tryggja að atvik af þessu tagi geti ekki gerst aftur. Í samantekt fyrrgreinds óháðs ráðgjafa dags. í janúar 2019 er fjallað um ýmsa þætti sem hann telur eðlilegt að horfa til þegar lagt er mat á mögulegar orsakir slyssins. Er þar helst að nefna að slysið gerðist í bröttum stiga sem M átti erfitt með að fara upp, ekki var notað stuðningsbelti eða hjólastóll, stuðningsfulltrúi sem falið var umsjón með M í umrætt sinn hafði fengið litla sem enga þjálfun í umsjón

með M, starfsþjálfun hans hafði einkum falist í því að vinna með öðrum starfsmönnum og læra af þeim í stað þess að fara á námskeið eða fá fræðsluefni. Auk þess var lítið til af verklagsreglum og öðrum skjölum í gæðakerfi X og við skoðun hjá Y vakti athygli ráðgjafans að ekki var til handbók og öryggis- og viðbragðsáætlun, áhættumat hafði ekki verið unnið og kröfulýsing var ekki til.

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir bera sveitarfélög ábyrgð á skipulagi og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk, þ.m.t. gæðum þjónustunnar. Í 1. gr. laganna kemur fram að markmið þeirra sé að fatlað fólk eigi kost á bestu þjónustu sem unnt er að veita á hverjum tíma til að koma til móts við sértækar stuðningsþarfir þess. Í 2. mgr. 1. gr. segir að þjónustuna skuli miða við einstaklingsbundnar þarfir og aðstæður viðkomandi, óskir og önnur atriði sem skipta máli. Af niðurstöðu fyrirbyggjandi úttekta verður ekki annað ráðið en að stjórnendur Y, sem eru starfsmenn X, hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að vanrækja það að sinna þjálfun starfsmanna á fullnægjandi hátt, gerð verklagsreglna, gerð gæðahandbóka og öryggis- og viðbragðsáætlunar. Þannig hafi stjórnendur Y falið ungum og óreyndum stuðningsfulltrúa umsjón með M án þess að hann hafi fengið til þess fullnægjandi þjálfun eða leiðbeiningar og án þess að fyrir lægju ítarlegar verklagsreglur. Þekkti stuðningsfulltrúinn lítið til M enda hafði hann eingöngu tvisvar áður verið til aðstoðar í umönnun hans og var þetta í fyrsta sinn sem honum var falin umsjón með M. Að mati nefndarinnar eru bein orsakatengsl milli þeirrar vanrækslu og slyss M þann 24. október 2018. Með vísan til alls ofangreinds er fallist á rétt M til miskabóta skv. a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum samkvæmt a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, úr ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins X hjá V.

Reykjavík, 10. janúar 2023.

Sóley Ragnarsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir